

**Skýrsla**

**Skýrsla**

**Uppstillinganefndar  
2016**



Uppstillinganefnd, skipuð 5 félagsmönnum og 2 varamönnum, skal kosin á fulltrúapingi til 3 ára. Kjörtímabilið skal fylgja kjörtíma formanns SLFÍ.

Uppstillinganefnd gerir tillögur um menn í stjórn, nefndir, ráð og önnur störf eða embætti sem fulltrúaping kýs. Uppstillinganefnd skal afla staðfestingar viðkomandi einstaklings á því að hann gefi kost á sér til starfsins.

Nefndina hafa skipað, á liðnu starfsári:

Jóhanna Traustadóttir, (RVKD) formaður,

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir (DSNE)

Erla Linda Bjarnadóttir (VLD)

Þórhildur Una Stefánsdóttir (RVKD)

Soffía Líndal (DSNE)

Varamenn:

Jóhanna Bjarndís Sævarsdóttir (RVKD)

Jakobína Rut Daníelsdóttir (RVKD)

Starf uppstillinganefndar fer að mestu fram síðustu mánuðina fyrir fulltrúaping og í ár bar svo við að Jóhanna Traustadóttir, formaður nefndarinnar, sá sig knúna að stíga til hliðar, vegna veikinda, og fól Jakobínu Rut, varamanni nefndarinnar, að sjá um samskipti við aðra nefndarmenn og halda utan um vinnu nefndarinnar í ár. Áður var Jóhanna búin að deila verkefnum milli nefndarmanna.

Samskipti nefndarmanna fóru að mestu fram í tölvupóstum og síma, sem er hentugt þegar til þess er litið að nefndarmenn koma frá fjórum svæðisdeildum. Þetta fyrirkomulag hefur að mestu leyti reynst mjög vel.

Auglýst var eftir framboðum til nefndarstarfa í byrjun mars, og í lok framboðsfrests höfðu borist þrjú framboð.

Þá var haft samband við þá nefndarmenn sem ert að ljúka kjörtímabili sínu og kannaður vilji þeirra til áframhaldandi starfa. Mjög ánægjulegt var hversu margir þeirra gáfu kost á sér áfram.

Þrjú framboð dugðu þó ekki til, því nokkuð fleiri gáfu ekki kost á sér áfram, og tók þá við vinna við að fylla í skörðin með því að leita enn frekar að fólki sem hugsanlega væri tilbúið. Og það tókst eins og alltaf áður. Áfram var reynt að ná sérstaklega til ungra sjúkraliða og fá þá í nefndarstörf en það gengur því miður erfiðlega.

Tekinn var saman fjöldi nefndarsæta og nefndarmanna í síðustu uppstillingu og hvernig þau skiptust á milli landshlutadeilda og einnig má sjá fjölda sjúkraliða í hverri landshlutadeild.

Hlutföll landshlutadeilda SLFÍ í starfsnefndum fyrir starfsár 2015 – 2016  
 ásamt fjölda sjúkraliða í hverri landshlutadeild miðað við áramót 2015 - 2016

DEILD og fjöldi sjúkraliða	Starfsnefndarsæti	Félagsstjórn	Framkvæmdastjórn	= Sæti	Nefndarmenn
Reykjavíkureild (RVKD) 1.178	42	5	5	52	35 (0.029%)
Vesturlandsdeild (VLD) 151	1	1		2	2 (0.013%)
Vestfjarðardeild (VFD) 37	1	1		2	2 (0.054%)
Norðurlandsdeild vestri (NLDV) 48	3	1		4	2 (0.041%)
Norðurlandsdeild eystra (DSNE) 217	6	1		7	4 (0.018%)
Austurlandsdeild (AULD) 91		1		1	1 (0.010%)
Suðurlandsdeild (SLD) 126	3	2	1	6	4 (0.031%)
Vestmanneyjajeild (VED) 39		1		1	1 (0.025%)
Suðurnesjajeild (SND) 114	1	1		2	2 (0.017%)

Tillaga Uppstillinganefndar í framkvæmdastjórn og starfsnefndir Sjúkraliðafélags Íslands liggur fyrir og verður borin upp til samþykktar á þingi SLFÍ. Uppstillinganefndin óskar öllum nefndarmönnum heilla á komandi starfsári og þakkar þeim sem eru að hætta fyrir vel unnin störf. Nokkur breyting verður á komandi uppstillingarnefnd þar sem þó tveir nefndarmenn hafa ákveðið að hætta og þökkum við þeim fyrir samstarfið í gegnum árin.

Fyrir hönd Uppstillinganefndar

---

Jakobína Rut Daníelsdóttir, nefndarmaður